

Bæjarráð Fjarðabyggðar

25. júlí 2023

730 Reyðarfirði

Ágætu viðtakendur!

Lystigarðsnefnd Kvenfélagsins Nönnu í Neskaupstað vekur athygli bæjaryfirvalda á því að Lystigarðurinn í Neskaupstað verður 90 ára á næsta ári 2024. Af því tilefni leggjum við til að sett verði á laggirnar afmælisnefnd skipaða konum úr lystigarðsnefnd Nönnu auk fulltrúa/um frá Fjarðabyggð. Tilgangur afmælisnefndarinnar er að undirbúa samkomu í garðinum, auk þess að kortleggja nauðsynlegar framkvæmdir/viðhald innan garðsins vegna tímamótanna.

Við vonum að bæjarráð/ bæjaryfirvöld, taki vel í hugmynd lystigarðsnefndar um fyrirhugaða afmælisnefnd sem geti til lengri tíma litið stuðlað að uppbyggilegu samstarfi beggja aðila, í þágu allra íbúa byggðarlagsins.

f.h. Lystigarðsnefndar kvenfélagsins Nönnu

Helga Magnea Steinsson

formaður kvenfélagsins Nönnu

Afrit sent Garðyrkjustjóra Fjarðabyggðar

Helgu Björk Einarsdóttur